

**Fundargerð 103. fundar félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn á ZOOM – netfundi þriðjudaginn 3. nóvember 2020, kl. 15.00**

Mættir til fundar:

Sandra B. Franks, formaður SLFÍ mætt
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður mætt
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkurdæild mætt
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri zoom- netfundi
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjardæild zoom- netfundi
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdæild vestri zoom- netfundi
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdæild eystri zoom- netfundi
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðardæild zoom- netfundi
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdæild zoom- netfundi
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdæild zoom- netfundi
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðardæild zoom- netfundi
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjardæild, formaður zoom- netfundi
Þórhildur Una Stefánsdóttir formaður Reykjavíkurdæildar zoom- netfundi
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn zoom- netfundi
Fjarverandi
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kennitölur svæðisdæilda og bankareikningar
4. Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum
5. Fagráð heilbrigðisstofnana - stuðningur við fulltrúa sem sitja í ráðunum
6. Þjónustukönnun um orlofsmál og Sjúkraliðann
7. Diplómanám fyrir sjúkraliða - upplýsingar um framvindu
8. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember 2020
9. Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember

Önnur mál

Fundargerð.

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands bauð fundarmenn velkomna á þennan zoom – fund en áfram verður haldið með þessa fundi á meðan COVID – 19 ástandið er.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Kennitölur svæðisdeilda og bankareikningar

- Sandra B. Franks (SBF) fór yfir málið, en umræða hefur verið um kennitölur deilda í framhaldi af kröfum skattayfirvalda um að aðilar í stjórnnum deilda o.fl. undirriti plögg um að vera svokallaðir raunverulegir eigendur. Lögum var breytt til að uppræta peningaþvætti og í framhaldi af því hefur eftirlit og kröfur aukist um skilgreinda eigendur fjármagns. GÖG hefur kannað málið og verið í sambandi við Helgu Sigríði formann Suðurlandsdeildar sem er með sér kennitölu og sértæka bók fyrir félagslíf deildarinnar ásamt bók fyrir rekstur deildarinnar sem er eign félagsins/deildarinnar. Suðurlandsdeildin hefur í samráði við skattayfirvöld skilað inn undirrituðum pappírnum um raunverulega eigendur þessa fjármagns, en fram kom að deildin er ekki skattskyld og ábyrgð stjórnarmanna einungis sú að undirrita að þeir séu „raunverulegir“ eigendur/ábyrgðamenn þessa fjár á meðan þeir eru í stjórn viðkomandi deildar. Fram kom hjá HSS að slíkt umhald deilda sé í takt við rekstur húsfélaga og þegar breyting er í stjórn þá er hún tilkynnt til skattsins. Suðurlandsdeildin fer fram á að hafa óbreytta stöðu varðandi þessi mál. Málið verður skoðað áfram og GÖG falið að fá nánari upplýsingar hjá skattinum.
- Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir (HDS) formaður Norðurlandsdeildar eystri, en sú deild er með sér kennitölu segir að það sé þeim að meinalausu að leggja hana niður og eru tilbúnar að gera það sem best er fyrir félagið og uppfyllir þær kröfur sem eru.
- Áslaug Steinunn Kjartansdóttir (ÁSK) formaður Vestmannaeyjadeildar segir að þær séu búnar að ganga frá sínum málum varðandi kennitölu deildarinnar.
- SBF talaði um að fá endurskoðanda félagsins til að fara yfir þetta mál og koma með hvað best væri að gera í stöðunni því það sé hennar ósk að hafa hlutina gegnsæja og samræmda í félaginu. Mikilvægt er að allar deildar séu með hlutina í sama skipulaginu hvað varðar reikninga sem eru ætlaðir til reksturs deildanna.
- GÖG framkvæmdstjóri SLFÍ bendir á að ekki væri verið að gera athugasemd varðandi einkareikninga deilda þar sem safnað er peningum með fjáröflun til ákveðinna verkefna einungis væri verið að tryggja að farið væri að lögum/reglum og ekki væri hætt á að deildar/félagið lenti í dagsekknum.
- SBF fór yfir að nauðsynlegt væri að þessi atriði væru könnuð og klár fyrir næsta fund félagsstjórna þ.s. einungis væri verið að tryggja að öll þessi atriði væru í anda laga og reglna. GÖG eins og áður hefur komið fram falið að kanna málið hjá skattayfirvöldum.
- Jóna Jóhanna Sveinsdóttir segir að það sé þrjár deildar sem fá rekstrafé frá félaginu inn á reikning með sér kennitölu og því þurfi að breyta.

4. Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum

SBF fór aftur yfir hugmyndirnar um átak til að fjölga sjúkraliðum. Farið var yfir kynningarherferð sem á að fara í á hefðbundna náminu, en þar verðum við áfram með kynninguna á nemendadögnum með Verkið. Fræða þarf námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum, auglýsa í kvikmyndahúsum og fleiri stöðum sem ná til þessa markhóps og einnig foreldra. Fyrirhugað er einnig að nálgast almenna starfsmenn í öldrunarþjónustu og hvetja þá til að fara í „Brúarnámið“ og benda þeim á þann stuðning

sem í boði er. Þetta verkefni verður unnið í samstarfi við skólana sem bjóða upp á brúarnám, mannauðsfólk á stofnununum og með fulltrúum félagsins.

SBF fór yfir drög að skjali sem hún vann og tekur á helstu atriðum sem varða aðferðir og leiðir til að fjölga sjúkraliðum.

HSS bendir á að lengi hafi verið vandamál í FS og er þarna gamalt mál sem er flókið og erfitt hefur verið að bregðast við þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir deildarinnar. Umræða var um hversu margir væru í sjúkraliðanámi.

- HDS bendir á að erfitt sé að fá upplýsingar um það frá skólunum vegna hertra persónuverndarlaga.
- Þórhildur bendir á að margir sem vinna með henni séu í námi og mikilvægt sé að stofnanir styðji við sína starfsmenn sem fara eða eru í námi, þannig fjárfesta þeir til framtíðar og fjölgi faglærðu starfsfólki. Fram kom hjá Þórhildi að stofnunin sem hún vinnur hjá styður ófaglærða starfsmenn í námi og þegar þeir fara í starfsnám þá halda þeir fullum launum ásamt álagi þó þeir séu í starfsnámi annars staðar. Þetta er alfarið ákvörðun hvers stjórnada fyrir sig á hverjum vinnustað og því ekki algilt. Þórhildur starfar á Sléttuvegi sem er starfstöð á vegum Reykjavíkuborgar.
- Viktoría Magnúsdóttir formaður Suðurnesjudeildar gerði grein fyrir að mikil aðsókn er í sjúkraliðarnámið í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum og eru núna tveir hópar bæði dag- og kvöldskóla. Þetta er ánægjuleg þróun því þarna var líka mikið vandamál sem tengdust starfsmanni skólans á sjúkraliðabrautinni, sem nú er hættur.
- Kristín Ólafsdóttir varaformaður SLFÍ spyr hvort ekki þurfi að kynna fyrir almenningnum starfsmönnum hjá SFV þann stuðning við þá til sjúkraliðanáms hjá stofnunum innan SFV til að ýta undir áhuga þeirra á að hefja sjúkraliðanám sem fyrst. Málið rætt og allir sammála um að undirbúa þurfi slíka kynningu og fram kom að það verði gert um leið og færi gefst. Unnið verður samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.
 - *Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum*
 - *Skýrsla: Tillögur um menntun og viðbótarmenntun sem leitt geta til fjölgunar útskrifaðra sjúkraliða*

5. Fagráð heilbrigðisstofnana - stuðningur við fulltrúa sem sitja í ráðunum

- SBF fór yfir forsögu þessa máls, en heilbrigðisráðherra kom því til leiðar að sértæk hjúkrunar- og læknafrádrög verða lögð niður og í þeirra stað koma fagráð með heilbrigðisstéttum inn á hverja heilbrigðisstofnun. Stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða hafa riðið á vaðið og þar hefur verið óska eftir sjúkraliðum í slíkt fagráð.
- SBF fer yfir drög að vinnuskjali sem m.a. heldur utan um og mótar verkferla fyrir sjúkraliða sem veljast í fagráðin þeim til stunnings. Hugmyndin með þessu skjali/leiðarvísi er að félagið styðji sem best við þá sjúkraliða sem veljast til setu í fagráðunum. Skjalið verður unnið áfram.
- Jóhanna Þórðardóttir (JÞ) formaður Vestfjarðadeildar segir að búið sé að skipa sjúkraliða í nýstofnað fagráðið á Vestfjörðum og búið er að kalla til fyrsta fundar. JÞ bendir á að læknafrádrög hafa lítinn áhuga á þessu og hjúkrunarfræðingar fari sér einnig hægt í þessu máli.

- Helga Sveinsdóttir (HS) formaður Auðsturlandsdeildar bendir á að nú þegar sé fagráð á Austurlandi og veltir því fyrir sér að hvort það verði lagt niður, en í því eru 3 iðþjúpjálfar, sjúkraliði og hjúkrunarfræðingur.
- VM segir að ekkert fagráð sé á HSS. Segir að þær þurfi að vinna í því að finna réttan aðila í verkið.
- SBF bendir á að búið sé að samþykkja lögin, en reglugerðin sé ekki komin fram og þ.v. sé mikilvægt að halda þrýstingi á að málið verði klárað.
- GÖG bendir að hlutverk fulltrúa sjúkraliða í slíku ráði sé mjög mikilvægt og tryggja þarf sem best að sá einstaklingur hafi sterka rödd þannig hann komi skoðunum sínum sem best til skila o.þ.a.l. sé nauðsynlegt/mikilvægt að félagið geri allt sem í þess valdi er að styðja við fulltrúa sjúkraliða í ráðunum.
- SBF bendir á að hefja þurfi undirbúningsvinnu þó að reglugerðin sé ekki komin fram þá sé hægt að horfa í kringum sig varðandi að finna fulltrúa í ráðið.

6. Þjónustukönnun um orlofsmál og Sjúkraliðann blað félagsins

- SBF fór yfir tilgang þess að kanna álit félagsmanna á orlofsmálum og blaði félagsins, en þar verður m.a. spurt um áhuga félagsmanna fyrir að fá blaðið rafrænt. Fram kom að AP media mun sjá um könnunina og verður hún birt í sjúkraliðanum í desember.
- GÖG fór yfir mögulegar spurningar og hverjar væntingarnar væru varðandi slíka könnun fyrir stjórn orlofsnefndar og ritstjórn blaðsins.

7. Diplómanám fyrir sjúkraliða - upplýsingar um framvindu

- SBF sagði frá því að mikill áhugi væri fyrir náminu og borist hafi fjöldi fyrirspurna varðandi það og undirbúningsnámið. Búið er að taka saman helstu atriði varðandi námið sem búið er að birta á heimasíðu félagsins og gott er að birta á síðum deilda.
- SBF gerði grein fyrir að um 60 manns séu búnir að skrá sig í fornnámið, sem á að hefjast næsta haust.
- Þórhildur telur að ekki hafi fengist nægjanlega góð svör varðandi þá sem hafa nú þegar tekið framhaldsnámið um hvernig það verði metið miðað við fagháskólanámið.
- SBF segir að ekki sé komin niðurstaða með þetta, en taldi að það sem var kennt á fjórða hæfnisprepi verði metið að fullu, en það sem var á þriðja hæfnisprepi sé ekki komið niðurstaða með. Umræða hefur verið um að bjóða þeim sem kláruðu námið sem var á þriðja og fjórða hæfnisprepi valkost um að bæta við sig námi til að fá diplóma gráðuna.

8. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember 2020 – upplýsingar

SBF fór yfir dagskrá fundarinnis og þau málefni sem verða þar rædd.

9. Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember

SBF fór yfir mikilvægi þessa dags og það sem gert hefur verið á þessum dögum víðsvegar um landið á vegum deildanna. Staðan nú er frekar lituð af COVID-19 ástandinu, sjúkraliðar og annað heilbrigðisstarfsfólk er töluvert í sviðsljósinu. Deildarformenn hvattir til að halda daginn hátíðlegan ef mögulegt verður.

Kl. 16.00 Fundi slitið